

# Greinargerð með fjárhagsáætlun 2025

## Skýringar 2025

### Styrkir og framlög

Lagt er upp með samskonar styrktarsöfnun og árið 2023 í öllum liðum að undanskildum afreksstyrkjum og ríkisstyrk.

Vegna nýrra reikniaðferða ÍSÍ á úthlutun ríkisstyrks 2024 áætlum við ríkisstyrkinn 1,5 milljón hærrí en árið 2023 sem er þá hinn sami og í uppfærðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2024.

Gert er ráð fyrir að útbreiðslustyrkur og Lottó-ið verði óbreytt frá fyrri árum, en erfitt er að áætla Lottó-ið.

Við gerum ráð fyrir 12% aukningu á tekjum samstarfsaðila frá árinu 2023 en þó lægra en áætlun 2024 gerir ráð fyrir, vegna minni umsvifa í afreksstarfi á oddatölu ári.

Við gerum ráð fyrir að styrkur úr afrekssjóði verði 50 milljónir eða 4,7 milljónum lægri en á samanburðarhæfu ári. Af 50 milljónunum gerum við ráð fyrir að 5 milljónir verði eyrnamerkir einstaklingum, en sú lína hefur verið lögð hjá ÍSÍ að auka vægi þeirra styrkja. Beinn styrkur til sambandsins yrði því 45 milljónir.

### Innlend mót og sýningar

Gert er ráð fyrir að þátttakendum á mótum sambandsins haldi áfram að fjölga, en gert er ráð fyrir um 5% aukningu þátttakenda. Hærrí dómara gjöld koma einnig til vegna þessa en haustið 2025 losna dómara samningar og í áætlun er gert ráð fyrir samskonar hækkun á launum og dómara gjöldum og var gerð árið 2023.

Gert er ráð fyrir að verðalaunakostnaður haldist hinn sami þrátt fyrir hærrí aðfangaverð, þ.e.a.s. að nýtingin haldi áfram að skila sér í lægri heildarkostnaði.

Hlutur félaga á mótagjaldi hækkar í takt við fleiri þátttakendur. Erfitt er að áætla afslátt mótshaldara á mótagjaldi því það fer eftir fjölda þátttakenda mótshaldara hverju sinni og það er mismunandi eftir því hver sá mótshaldari er.

Í þessari áætlun er dómara kostnaði haldið föstum frá 2024 með sömu prósentu hækkun og haustið 2023, eins og var í núverandi dómara samningum. Með fjölgun þátttakenda er ekki ólíklegt að keppnishlutum fjölgi og því verður að teljast líklegt að dómara kostnaðurinn hækki meira en gert er ráð fyrir í áætlun, eða að fjöldi þátttakenda verði það mikill að ekki verði þörf að hækka dómara gjöldin líkt og gert var í seinustu samningum. Mismunur af dómara kostnaði og dómara tekjum er samkvæmt áætlun 1 milljón en eðlilegt er að hann sé á milli 500 og 700 þúsund eins og í áætlun 2024.

## Alþjóðleg mót og sýningar

Gert er ráð fyrir nánast samskonar verkefnastöðu áhaldamegin og fyrir árið 2023, að undanskildum æfingabúðum sem farið var í á því ári. Ástæða mismunarins er, fyrir það fyrsta að ekki er gert ráð fyrir kostnaði og tekjum sem fylgja skuldajöfnun vegna einstaklingsstyrkja. Samskonar kostnaður myndast á móti tekjunum og því hefur það ekki áhrif á afkomuna þó að hækkun komi til bæði á tekju- og kostnaðarhlið. Erfitt er að áætla hver kostnaður einstaklinga er af EYOF. Vonumst við til að styrkir úr afrekssjóði verði með því móti að hægt verði að lækka kostnaðarpáttöku einstaklinga í verkefnum, en það verður einungis hægt með auknum tekjum úr sjóðnum.

Hópfimleikamegin verður farið á Norðurlandamót fullorðinna í Finnlandi. Meirihluti kostnaðarins af verkefninu er rukkaður til þeirra félaga sem að vinna sér þátttökurétt, fyrir utan kostnað sem hlýst af því að senda fararstjóra og dómara á mótið.

Gert er ráð fyrir að landsliðsþjálfarar í öllum greinum og flokkum verði starfandi árið 2025 en það er einnig háð styrk úr afrekssjóði.

Almennt er gert ráð fyrir samskonar kostnaði og árið 2023 en áfram verði leitað hagkvæmra leiða til að lækka kostnað á afrekssviði en bæta þjónustu á sama tíma.

## Námskeið og fræðsluefni

Gert er ráð fyrir að meiri fjöldi sæki námskeiðin en árið áður. Einnig mun kerfið okkar vera orðið fullbúið og því öll stig fræðslukerfisins kennd.

Áætlun gerir ráð fyrir samskonar kostnaði í liðum líkt og mat, ferðakostnaði og svo framvegis en það er að sjálfsögðu háð verðlagsþróun. Kostnaður við tækjaleigu/hugbúnað er leiga á Canvas kerfinu en greitt er fyrir hverja kennitölu í kerfinu. Ljóst er að ef þátttaka vex þá mun þessi liður hækka einnig þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir föstum kostnaði.

Von er á nýjum reglum í öllum greinum fimleikana og því er gert ráð fyrir dómarnámskeiðum í þeim öllum á árinu hér heima. Alþjóðleg dómarnámskeið munu einnig fara fram en hluti af þátttakendum munu sækja þau 2024 en meirihluti árið 2025. Gert er ráð fyrir þessum kostnaði undir sviðinu alþjóðleg mót og sýningar.

Við gerum ráð fyrir því að námsefnisgerð verði kláruð á árinu 2024 en á árinu 2025 verði gerðar þær lagfæringar sem að þörf er á, eftir reynslu af því.

## Leyfiskerfi

Áætlað er að fjöldi iðkenda í hreyfingunni haldi áfram að aukast í línulegum vexti.

## Aðrar tekjur

Við reiknum með að aðrar tekjur verði álíka og 2023 að undanskilinni sölu á launum til dótturfélags. Erfitt er að áætla þennan lið þar sem að um er að ræða kostnað sem tilheyrir ekki Fimleikasambandinu.

## Rekstrargjöld

Áætlað er að rekstrargjöld muni lækka um 5,3 milljónir frá 2023. Ekki verða allir starfsmenn sambandsins sem eru í fæðingaorlofi snúnir til baka og mun því sambandið á fyrstu mánuðum ársins verða keyrt á þeim starfsgildum sem eru nú við störf árið 2024. Dregið verður saman í kaupum á innviðum þar sem talsverð endurnýjun hefur átt sér stað seinustu ár og aukin verði hagkvæmni í nýtingu hugbúnaðar sem sambandið notar.

Langtímakjarasamningar gera það að verkum að auðveldara verður að áætla launaliðinn.

## Fimleika Events ehf.

Áætlað er að nýta fyrirtækið í þau verkefni sem falla utan við hefðbundinn rekstur Fimleikasambandsins. Nú þegar netverslun hefur verið opnuð gerum við ráð fyrir að enn fleiri vörur munu fást í henni og að dótturfélagið skili tekjum til sambandsins.

## Fjármagnsliðir

Við áætlum að vaxtatekjur haldi áfram að aukast með frekari sjóðssöfnun en einnig hefur verið breytt um aðalreikning sambandsins þannig að auknar vaxtatekjur hljóttast af veltufé. Gert er ráð fyrir að hreinar fjármunatekjur árið 2025 verði 2,7 m.kr. en erfitt er að áætla gengismun þar sem hann getur færst úr hagnaði í tap.

## Rekstrarhagnaður

Áætlað er að FSÍ verði rekið með 4,2 milljóna afgangi árið 2025. Við leggjum til að sá afgangur verði notaður í verkefni ársins 2026 en eins og áður hefur komið fram er rekstur FSÍ á sléttu- og oddatölu árum ekki samanburðarhæfur.

Fimleikasambandið mun halda áfram að vinna að betrubótum í bókhaldskerfi, sýnileika á gjöldum sambandsins sem og meiri upplýsingagjöf til félaganna um fjárhag þess.

Ragnar Magnús Þorsteinsson

Fjármálastjóri

Fimleikasambands Íslands